

Alþingi  
Erindi nr. P 122/88  
komudagur 13.11.1997

Reykjavík 13. 11. 1997

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

### **Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um lögmenn**

Með bréfi, dags. 23. október 1997, hefur allsherjarnefnd sent Stéttarfélagi lögfræðinga til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn, 57. mál, heildarlög.

Félagið hefur áður sent athugasemdir við frumvarp um sama efni sem lagt var fram á Alþingi á 121. löggjafarþinginu. Það frumvarp var ekki útrætt og er það frumvarp nú lagt fram á ný með óverulegum breytingum.

Félagið leyfir sér því að senda sömu athugasemdir og áður. Þá er lögð mikil áhersla á að félaginu verði veitt færi á að fylgja athugasemdum sínum eftir á fundi með allsherjarnefnd Alþingis.


Til viðbótar þeim athugasemdum sem áður hafa verið sendar vill félagið vekja athygli á einni breytingu sem fyrirhuguð er. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður heimild 21. gr. I. nr. 61/1942 um að félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geti látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Í athugasemdum með frumvarpinu segir um þetta atriði "Reglan gildir ekki fyrir einstaklinga sem hafa slíka menn í þjónustu sinni, heldur einungis félög og stofnanir. Hún hefur lítt verið notuð í framkvæmd um aðra en starfsmenn ríkisstofnana". Er þetta heldur fátæklegur rökstuðningur fyrir niðurfellingu reglunnar, ekki síst ef lítið er til þess hvernig þessi regla kom inn í núgildandi lög.

Þegar frumvarp til laga nr. 85/1936 var lagt fram á 49. löggjafarþinginu árið 1935 (þingskjal nr. 448) var ákvæði sambærilegt 21. gr. I. nr. 61/1942 ekki að finna í V. kafla frumvarpsins, en sá kafli fjallaði um málflytjendur. Sambærilegt ákvæði og nánast samhljóða 21. gr. I. nr. 61/1942 kom hins vegar fram 21. apríl 1936 sem breytingatillaga við 55. gr. frumvarpsins eftir meðferð þess í allsherjarnefnd. Ástæða þess að þessi breyting var lögð til, var að í umræðum á þinginu um kaflann um málflytningismenn, kom fram gagnrýni á að stofnanir þyrftu að leyta til "jafnvel dýrra" málflytningsmanna með mál sín en gætu ekki látið eigin starfsmenn flytja málin. Eða eins og Magnús Torfason sagði á 34. fundi í Nd., 26. mars 1936 við 3. umræðu: "...sérstaklega ef um einföld skuldamál væri að ræða". Var breytingin samþykkt samhljóða.

Af þessari forsögu 21. gr. l. nr. 61/1942 er ljóst að upphaflega var ekki ætlunin að embættisgengir lögfræðingar fengju að flytja mál fyrir stofnanir sínar. Þessu var hins vegar breytt í meðförum þingsins til að umræddar stofnanir þyrftu ekki að leita út fyrir stofnanirnar sjálfar í leit að málflytningsmönnum, ef til staðar voru hæfir lögfræðingar þó svo að þeir hefðu ekki málflytningsréttindi. Þá má ljóst vera af ummælum Magnúsar Torfasonar að frekar var gert ráð fyrir að um einföld mál væri að ræða.

Þau rök sem stóðu til þess á sínum tíma að taka 21. gr. inn í núgildandi lög hafa ekkert breyst. Regla þessi hefur verið mikið notuð af ríkisstofnunum og þá sérstaklega innheimtumönnum ríkissjóðs.

Nái frumvarpið fram að ganga er ekki eingöngu verið að takmarka fjölda lögfræðinga í lögmannastétt heldur einnig verið að þrengja starfsmöguleika lögfræðinga. Því verði frumvarpið samþykkt óbreytt má gera ráð fyrir að stofnanir sem þurfa á málflytningi að halda, í einföldum skuldamálum, muni ráða lögmenntil starfa en ekki lögfræðinga eins og hingað til hefur verið gert.

Virðingarfyllt,  
f. h. Stéttarfélags lögfræðinga,  
  
Gunnar Ármannsson, formaður.

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 1997

### **Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um lögmenn**

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1997, hefur Allsherjarnefnd sent Stéttarfélagi lögfræðinga til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn, 255. mál, heildarlög. Fylgja hér athugasemdir félagsins.

#### **Almennar athugasemdir.**

Samkvæmt athugasemdum við frumvarp til laga um lögmenn, er helsta ástæða heildarendurskoðunar laga um málflytjendur þær breytingar sem gerðar voru með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 á 1. másl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár „að engan má skylda til aðildar að félagi.“ Ákveðið var því að fella niður skylduaðild lögmanna að Lögmannafélagi Íslands (LMFÍ). Þrátt fyrir það er LMFÍ fengið hlutverk í frumvarpinu sem ósamrýmanlegt er niðurfellingu skylduaðildar sbr. 2. mgr. 3. gr., 5. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. ásamt fleiri ákvæðum. Þá virðist sem veigamiklar breytingar á öflun lögmansréttinda séu faldar bak við áður nefndan tilgang. Skilyrði til að fá réttindi eru aukin, öflun þeirra gerð erfiðari, dýrari, tímafrekari og óaðgengilegri. Laganám á Íslandi er gert að engu og lögmansstörf sett á stall og talin ábyrgðarmestu störf sem lagamenntun þarf til. Störf dómara, sýslumanna, lögfræðinga í stjórnarráðinu og annarstaðar í stjórnsýslunni verða annars flokks störf þar sem embættispróf nægir til að sinna þeim, auk starfsreynslu í sumum tilvikum, en sérstakt próf eftir embættispróf þarf til að öðlast lögmansréttindi. Á það skal bent að lögmenn sinna ýmsum öðrum störfum en flutningi mála fyrir dómstólum. Spyrja má hvers vegna þurfi sérstaka prófraun í réttarfari, sem ítarlega er kennt í lagadeild Háskóla Íslands, til að öðlast lögmansréttindi, en ekki er krafist viðbótarmenntunar í réttarfari til að gegna dómarastörfum. Svo virðist sem eitt af ónefndum markmiðum frumvarpsins sé að takmarka fjölda lögfræðinga í lögmennastétt. Stéttarfélag lögfræðinga telur að nærtækara sé að fella niður prófmál og láta starfsreynslu á sviði lögmansstörf, dómarastarfa, starfa í stjórnsýslu og á öðrum sviðum þar sem lögfræðimenntun þarf til nægja sem undirbúning undir lögmansstarfa. Það tryggir að aðgangur að réttindunum verði almennur, sbr. tilgang með 7. gr. á bls. 10 í athugasemdum við frv. Þá má benda á, að til að öðlast leyfi til fasteignasölu og verðbréfamiðlunar er ekki krafist sérstakrar grunnmenntunar eða prófs áður en námskeið og prófraun er þreytt. Prófraun til að öðlast áður nefnd réttindi er einmitt til að bæta úr því og jafna þekkingu manna. Þegar um er að ræða réttindi sem embættisprófs í tiltekinni grein er krafist til eru aðstæður algerlega ósambærilegar.

Nú geta lögfræðingar öðlast leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi með starfsreynslu á öllum sviðum lögfræðinnar. Á þetta er ekki minnst einu orði í lögnum og ekki tekið á því hvernig fari fyrir þeim ófáu lögfræðingum sem byrjað hafa að ávinna sér þennan rétt en hafa ekki fullnað starfstíma eða hafa ekki sótt um réttindi, enda þótt viðkomandi fullnægi skilyrðum til lögmannsréttinda samkvæmt nügildandi lögum. Dregið er í efa að frumvarpið standist ákvæði stjórnarskrár um verndun atvinnuréttinda eða ákvæði samningsins um evrópskt efnahagssvæði. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að mun erfiðara verður fyrir hið opinbera að fá lögfræðinga til starfa, nema það taki á sig kostnað vegna öflunar réttinda fyrir lögfræðinga í þjónustu þess. Kostnaðarauki ríkisins er stórlega vantallinn þar sem opinberir aðilar þurfa í mun ríkari mæli að kaupa lögmannsþjónustu vegna ákvæða í 2. gr. frv.

### **Athugasemdir við einstakar greinar.**

#### I. kafli. Almenn ákvæði

##### 2. gr. Einkaréttur lögmannna

###### 1.-2. mgr.

Vera má að dreifbýlísrök fyrir takmörkuðum einkarétti lögmannna séu liðin undir lok, en hinu er Stéttarfélag lögfræðinga þó ósammála að takmarka beri rétt aðila til þess að fela tilteknum skyld- eða venslamönnum málflutning fyrir dómi og sér engin rök til þess að afnema þessa heimild. Sama á við um lögfræðinga fyrirtækja og stofnana. Hefur þessi breyting í för með sér aukinn kostnað þessara aðila þar sem krafist verður mætingar lögmannna þar sem þess hefur ekki verið talin þörf hingað til.

###### 3. mgr.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki EES-samningnum verður að telja eðlilegt að þeir sem lokið hafa íslensku lögfræðiprófi geti allt eins starfað í öðrum ríkjum evrópska efnahagssæðisins og því bærir til að gæta hagsmuna skjólstaðinga sinna fyrir íslenskum dómstólum án aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Ákvæðið eins og það hljóðar í frumvarpinu gerir í raun ráð fyrir því að hinn erlendi lögmaður starfi á ábyrgð hins íslenska lögmanns og því í raun flytji hann mál sitt sem fulltrúi hins íslenska lögmanns. Í þessu sambandi verður að telja að íslenski lögmaðurinn beri ábyrgð á erlenda lögmanninum. Þá verður að telja skyldu til að hafa opna skrifstofu mismuni lögmönnum hér á landi og í ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu.

#### II. kafli. Lögmannaráð og samtök lögmannna

##### 3. -4. gr. Lögmannaráð og samtök lögmannna

Þrátt fyrir að í dag sé aðeins starfandi eitt félag lögmannna vegna skylduaðildar að því félagi þá er ekkert því til fyrirstöðu að stofnuð verði önnur félög lögmannna. Því er óeðlilegt að einu félagi sé tryggð aðild að lögmannaráði en öðrum félögum ekki. Með þessu fyrirkomulagi er því í raun verið að festa tilvist LMFÍ í sessi og gengur það þvert á yfirlýstan tilgang og efni frumvarpsins. Eðlilegra væri að skipan lögmannaráðs

væri á breiðari grundvelli með t.d. tilnefningu af hálfu stofnana eins og t.d. Lagadeildar Háskóla Íslands, Hæstaréttar Íslands, Dómsmálaráðuneytis og samtaka neytenda.

5. gr. Lögmannafélag Íslands.

1. mgr. Fyrirsvar.

Bent skal á að hæpið hlýtur að vera að fela LMFÍ þann einkarétt til fyrirsvars fyrir hönd lögmannastéttarinnar sem í ákvæðinu felst, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því að skylduaðild að félaginu verði afnumin og að lögmonnum verði frjálst að stofna önnur hagsmunafélög. Nær væri að leggja þau störf sem 5. gr. fjallar um undir Lögmannaráð eða undir félög lögmannna án frekari tilgreiningar.

2. mgr. Siðareglur lögmannna.

Stéttarfélag lögfræðinga telur það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í ákvæðinu að félag, sem ekki verður skylduaðild að, setji reglur sem að fenginni staðfestingu dómsmálaráðuneytis gildi um alla lögmennt. Eðlilegra er að dómsmálaráðherra semji reglur í samráði við lögmennt og félög þeirra og gefi út í reglugerð eða ákvæði verði um þetta í lögum.

3. mgr. Lögmannsaðstoð.

Óeðlilegt er að leggja þá skyldu á hendur LMFÍ að beina viðskiptum til tiltekinna lögmannna þar sem tilgangur frv. er að afnema skylduaðild að félaginu. Annað hvort verður að skylda lögmennt til að taka að sér mál gegn því að þeir hafi einkarétt á að gæta hagsmuna manna fyrir dómstólum á sama hátt og gert er varðandi opinber mál, sbr. 1. mgr. 21. gr. frv., eða þeir verði ekki skyldaðir til að taka að sér mál og einkaréttur þeirra verði afnuminn. Ella getur komið til þess að aðili fái engan til að fara með mál fyrir sig.

### III. kafli. Lögmannsréttindi

6. gr. Skilyrði

1. tl. Andlegt heilbrigði.

Vakin er athygli á skilyrðinu „svo vel á sig kominn andlega.“ Sambærilegar kröfur eru ekki gerðar til annarra stétta s.s. lækna, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga og alþingismanna. Ekki er sérstaklega rökstudd þörfin á þessu nýja skilyrði. Skilyrðið „vel á sig kominn andlega“ vekur fleiri spurningar en það svarar. Ekki kemur fram hver eigi að meta andlegt heilbrigði umsækjanda um málflutningsleyfi, né heldur hvornig væntanlegir umsækjendur um málflutningsleyfi muni sýna fram á að þeir séu vel á sig komnir andlega.

2. tl. Fjárhagslegt sjálfstæði.

Með skilyrðinu um að bú mannt hafi aldrei verið tekið til gjaldþrotaskipta sem fram kemur í 1. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 25. gr. um starfsábyrgðartryggingu, verður ekki betur séð en hagsmunir almennings séu tryggðir og nægir því að hafa það skilyrði að lögmaður sé fjár síns ráðandi. Í 2. tl. 6. gr. og 1. mgr. 12. gr. er í raun verið að tvítryggja sömu hagsmunum. Vænta má að tryggingarfélög gæti varúðar í að veita lögmanni tryggingu, m.a. með tilliti til ferils viðkomandi. Benda má á að ýmsir aðrir

aðilar en lögmenn hafa undir höndum verulega fjármuni sem ekki eru í þeirra eigu án þess að sambærilegar kröfur séu gerðar til þeirra. Loks er Stéttarfélag lögfræðinga mótfallið því að Lögmennaráði verði falið undanþágumatsvald í þessu sambandi eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. frumvarpsins, án þess að fram séu settar reglur sem fara eigi eftir.

### 3. tl. Óflekkað mannorð

Í 2. mgr. athugasemda um 6. gr. er rangt með farið þar sem fram kemur að skilyrði um óflekkað mannorð sé ekki í gildandi lögum. Í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga er heimildarákvæði þar sem synja má manni réttinda eigi 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. við um hagi hans. Sambærilegt ákvæði er og að finna 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. sömu laga.

### 5. tl. Lágmarks starfsreynsla

Stéttarfélag lögfræðinga telur að nægjanlegt sé að hafa sem skilyrði til öflunar lögmennsréttinda að lögfræðingar afli sér starfsreynslu. Reynsla í starfi, þar sem lögfræðipækkingar er beitt, er að mati félagsins fullnægjandi undirbúningur fyrir lögmennsstörf.

### 6. tl. Prófraun

Þessu nýmæli er mótmælt. Sjá nánar athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins.

### 7. gr. Námskeið og prófraun

Mótmælt er prófrauninni sem slíkri. Fyrir því færur við eftirfarandi rök:

Gert er ráð fyrir því að eitt skilyrði þess að öðlast lögmennsréttindi sé embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Það skilyrði tryggir að allir hafi sömu þekkingu m.a. á réttarfarsreglum og öðrum reglum sem reynir á í lögmennsku. Þá er bent á að þörf er á lögmennsréttindum til ýmissa annarra starfa en flutningi mála fyrir dómstólum. Á bls. 10 í athugasemdum við frumvarpið er bent á að sú tilhögun að flytja prófmál sé gengin sér til húðar, gildandi fyrirkomulag feli í sér mismunun og úr því þurfi að bæta með því að gera aðgang manna að þessum réttindum almennan. Sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu nær ekki þessum tilgangi heldur leiðir hún þvert á móti til þess að starfandi lögmönnum muni fækka að mun. Fyrirhuguð tíðni prófrauna er síst til þess fallin að auka aðgengi lögfræðinga að málflutningsréttindum. Þá má gera ráð fyrir að þetta hafi stórauðinn kostnað í för með sér fyrir umsækjendur um málflutningsleyfi. Ekki er að fullu ljóst hvað sá kostnaður verður mikill, en í athugasemdum frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis á bls. 22 í frv. kemur fram, að áætlaður kostnaður kunni að nema kr. 250.000 fyrir hvern prófmann. Ljóst er að verðandi lögmenn munu þurfa að mæta þessum kostnaði með hærri gjaldtöku en nú tíðkast. Þessi aukni kostnaður er aukinheldur í mótsögn við þann tilgang frumvarpsins að auka aðgengi manna að lögmennastéttinni. Þvert á móti verður ekki annað séð en að öflun lögmennsréttinda verði aðeins á færi efnameiri lögfræðinga eða að lögð verði „vistarbönd“ á lögmennsfulltrúa sem fá prófraunina fjármagnaða af hálfu vinnuveitanda.

Með því að leggja að jöfnu þá skipan sem finna má í lögum um fasteignasala og verðbréfamíðlara, þar sem engrar sérstakrar menntunar er krafist af umsækjendum áður en prófraunin er þreytt, er verið að gera lítið úr þeirri menntun sem felst í embættisprófi í lögfræði. Enda þurfa starfandi lögmenn ekki að þreyta prófraun til að

öðlast leyfi til fasteignasölu. Þar með er viðurkennt að menntun þeirra og starfsréttindi tryggi næga þekkingu á lögum.

Ákvæði þessarar greinar felur í sér áfelliðsdom yfir Lagdeild Háskóla Íslands. Höfundar frumvarpsins virðast telja að meiri þekkingu þurfi til að sinna lögmannsstöfum en annarra starfa þar sem lögfræðimenntun er krafist, svo sem dómaraströfum, sýslumannsstöfum o.s.frv

#### 9. gr. Hæstaréttarlögmenn

Stéttarfélag lögfræðinga telur ónauðsynlegt að gera greinarmun á héraðsdómslögmonnum og hæstaréttarlögmonnum. Nauðsynlegt er að lögmenn geti fylgt málum sínum eftir til enda. Ákvæði frumvarpsins um að afnema 40 mála regluna vegna málflutnings í Hæstarétti er óskiljanleg. Flutningur mála fyrir Hæstarétti þarf síst að vera flóknari en fyrir héraðsdómi, þar sem engin sönnunarfærsla fer fram fyrir Hæstarétti og engar vitnaleiðslur. Það hlýtur að vera ódýrara fyrir neytendur að sá lögmaður sem flytur mál fyrir héraðsdómi fylgi því eftir í Hæstarétti vegna sérþekkingar á viðkomandi máli. Ef leita á til hæstaréttarlögmanns þarf hann tíma til að koma sér inn í málið í upphafi. Þetta gerir samkeppnisaðstöðu lögmanna ójafna þar sem hætt er við að þeir sem leita þurfi lögmannsaðstoðar velji aðeins hæstaréttarlögmenn til að flytja mál sitt en það leiðir til aukins kostnaðar fyrir neytendur auk þess sem um færri lögmenn verður að velja úr.

Stéttarfélag lögfræðinga bendir á að verði frumvarpið að lögum er orðið erfiðara, óaðgengilegra og kostnaðarsamara að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi og jafnframt er verið að auka kröfur til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Í 3. mgr. 9. gr. kemur fram að dómara geta sótt um undanþágu frá 1., 3. og 4. tl. 1. mgr. hafi þeir gengt dómaraembætti í að minnsta kosti 10 ár. Ætla má að á styttri tíma öðlist dómara mun meiri reynsla af málflutningi en lögmenn, enda er starf þeirra fólgið í að hlýða daglega á málflutning og beita reglum réttarfars og annarra laga. Þá ber að geta þess að dómara eru valdir úr hópi lögfræðinga sem hafa margvíslega reynslu og getið hafa sér gott orð fyrir störf sín.

#### 11. gr. Fulltrúar lögmanna.

Það skilyrði að fulltrúi lögmanns fullnægi skilyrðum 1.-4. tl. 1. mgr. sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. er fjarstæða. Fulltrúi starfar alfarið á ábyrgð lögmanns í skjóli réttinda hans og tekur starfsábyrgðartrygging lögmanns til fulltrúans. Það að setja sem skilyrði að fulltrúi fullnægi því að bú hans hafi aldrei verið tekið til gjaldþrotaskipta samsvarar því að lendi aðili í slíku máli t.d. vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur fyrir vandamenn áður en nám hófst, eða meðan á því stóð ( benda má á að námsmenn þurfa ábyrgðarmenn á námslán sín og getur þá verið erfitt fyrir þá að neita nánnum ættingjum aðstoð með eigin ábyrgð á móti ) er sviptur möguleika á að nýta sér menntun sína um ókomna tíð. Eðli fulltrúastarfa er þannig að óþarft ætti að gera þetta strangar kröfur, sbr. það sem fram kemur í 2. mgr. greinarinnar.

3. mgr. orkar tvímælis með hliðsjón að 12. gr.

#### 12. gr. Sérstakar skyldur.

Stéttarfélag lögfræðinga telur að skylda til að hafa skrifstofu opna almenningi sé óþörf og byggð á úreltum sjónarmiðum. Ekki gert ráð fyrir þeim eðlismun sem er á starfsemi ýmissa lögmanna. Sumir taka öll þau verkefni sem bjóðast og hafa því eðli málsins samkvæmt opna skrifstofu fyrir almenning, en aðrir sinna aðeins verkefnum

fyrir fasta viðskiptavini, enda er lögmanni ávallt rétt að hafna þeim verkefnum sem bjóðast, sbr. 2. mgr. 20. gr. frv. Lögmaður getur verið svo störfum hlaðinn að hann geti ekki í ljósi drengskaparheitis síns, um að rækja störf sín af alúð og samvirkusemi, bætt við sig störfum. Ekki er skýrt í ákvæðinu hvar skrifstofan skuli staðsett, hérlandis eða erlendis, hvenær hún skuli vera opin almenningi eða á hvaða tíma.

Ákvæði 12. gr. leggur óeðlileg höft á atvinnufrelsi manna. Eðlilegt er að þeir sem fullnægja tilteknum skilyrðum hafi heimild til nýta sér menntun sína, sérþekkingu, reynslu og þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér.

15. gr. Ósamrýmanleg störf.

Að fella eitthvað úr gildi hefur á sér refsikenndan blæ, þ.e. svipta einhvern þeim réttindum sem hann hefur áunnið sér, vegna brota á þeim reglum sem um réttindin gilda. Almennar vanhæfisreglur, eðlilegt starfssamband vinnuveitanda og launþega og ekki síst þær skyldur sem lögmaður hefur undirgengist með undirritun drengskaparheitis skv. 8.gr. frv. er næg trygging fyrir því að lögmaður misfari ekki með réttindi sín. Benda má á að niðurfellingu réttinda skal auglýsa opinberlega sbr. 1. mgr. 17. gr. Slík auglýsing gæti verið mistúlkuð af almenningi á þá lund að lögmaðurinn hafi brotið af sér í starfi.

Samkvæmt almennri málvenju felur niðurfelling réttinda í sér endalok þeirra. Enda kemur fram í 16. gr. frv. að hafi réttindi lögmanns verið felld niður ótímabundið vegna brota í starfi sínu, getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun að nýju og sækja í kjölfarið á ný um réttindi.

Óeðlilegt er að sama orðalagið „fella niður réttindi“ sé notað um refsingar vegna þeirra sem hafa brotið af sér í starfi sem og þeirra sem tímabundið mega ekki nýta réttindi sín vegna starfa í opinberri þjónustu. Í því sambandi má nefna að í frv. til laga um endurskoðendur, sem nú er til meðferðar fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að í slíkum tilvikum leggi endurskoðendur inn réttindi sín á meðan þetta ástand varir.

Ekki eru athugasemdir gerðar við IV., V. og VI. kafla frumvarpsins að öðru leyti en að framan er rakið um hlutverk Lögmannafélag Íslands.

## VII. kafli. Gildistaka o.fl..

Ákvæði 32. gr. frumvarpsins er algerlega ófullnægjandi varðandi lagaskilareglur. Ekki er minnst einu orði hvernig farið skuli með réttindi þeirra, sem við gildistöku laganna, hafa öðlast rétt til að fá útgefin málflutningsleyfi fyrir héraðsdómi á grundvelli starfstíma skv. 7. tl. 1.mgr. 5.gr. laga nr. 92/1989, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 61/1942 með áorðnum breytingum.

Þá er ekki heldur tekið á því hvernig fari með þá sem ekki hafa fullnað starfstíma skv. framansögðu, fyrir gildistöku laganna né heldur er tekið á því hvernig fari með þá sem hafa fullnað starfstíma skv. framansögðu, en ekki náð embættisgengi sökum aldurs, fyrir gildistöku laganna.

Stéttarfélag lögfræðinga leggur til réttur manna til að ljúka öflun réttinda sem hafist hefur fyrir gildistöku laganna verði hinn sami, hvort sem réttindin fáist með flutning prófmála eða á grundvelli starfstíma



### Lokaorð.

Stéttarfélag lögfræðinga mótmælir frumvarpinu harðlega í þeirri mynd sem það er og gerir alvarlegar athugasemdir við þann augljósa tilgang sem að baki býr; verið er að kaupa burtu skylduaðild starfandi lögmannna að LMFÍ gegn því að komið verði á fót fámennri stétt þessara sömu manna.

Höggvið er óhæfilega djúpt í atvinnuréttinda heillar stéttar manna, svo að efa má að standist ákvæði Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, hagsmunir almennings eru fyrir borð bornir þar sem lítið fer fyrir samkeppnis- og neytendasjónarmiðum í frumvarpinu. Almennur skal leita sér lögmannna úr þröngum hópi þar sem fákeppni ríkir.

Loks verður að telja frumvarpið byggja á því að unnt sé að svipta menn áunnum réttindum, þrátt fyrir ákvæði Stjórnarskrárinnar um atvinnuréttindi, en flestir fræðimenn eru sammála um að þau séu í ýmsu einnig varin af eignarréttarárkvæði Stjórnarskrárinnar. Er þar í fyrsta lagi vitnað til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir því að menn séu sviptir lögmannsréttindum uppfylli þeir ekki lengur almenn hæfisskilyrði eða starfsskilyrði, en löng lagavenja er fyrir því að réttindin séu lögð inn til geymslu í dómsmálaráðuneyti þegar svo stendur á. Minnt er á frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur, en þar er lagt til að réttindi verði lögð inn til geymslu. Svipting er mun viðurhlutameira úrræði og á ekki við nema vegna brota í starfi.

Í frumvarpinu er í engu getið þeirrar framkvæmdar á grundvelli að þeir sem uppfylla skilyrði til þess að gegna starfi héraðsdómara öðlist héraðsdómslögmannsréttindi samkvæmt umsókn til ráðuneytis þar um. Enn alvarlegra er þó kannski að í 32. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að þeir sem byrjaðir eru að feta þessa leið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda geti lokið við öflun réttindanna á grundvelli gildandi laga, aðeins er gert ráð fyrir með þá sem byrjaðir eru að afla sér lögmannsréttinda með flutningi prófmála.

Þá er þess óskað að félaginu verði veitt færi á að fylgja athugasemdum sínum eftir á fundi með allsherjarnefnd Alþingis.

Virðingarfyllt,  
f.h. Stéttarfélags lögfræðinga,

Sólveig Bachmann, formaður.